

Kvenfrelsunarmisþyrmingar drengja

Nýlega sagði RÚV frá því, að mótmæli hefðu eina ferðina enn brotist út í Ástralíu vegna drápa á konum. Umfjöllunin var jafn einhliða og umfjöllunin um sama efni í Bandaríkjunum, þar sem ógiltur var dómur yfir Harvey Weinstein, sem kvenfrelsarar um heim allan hafa úthrópað sem holdgerving karlillskunnar og eitraðar karlmennsku. (Hvet lesendur til að kynna sér málsskjölin.)

En Ólöf Ragnarsdóttir, sem virðist hafa að sérstöku áhugamáli vonsku Rússa, Ísraela og Írana- og karla yfirleitt- lætur ekki þar við sitja. Hún sagði okkur ábúðarfull um dráp þjóðarvarðliða Írana á stúlkukind, sem þeir fyrst nauðguðu. Þetta sagði Ólöf, að BBC hefði rannsakað í þaula og því ekki efni til að efast. Og svo endurtók hún sannfæringu sína um hina stúlkuna, sem velsæmislögreglan hefði drepið, því hún hefði verið slæðuskussi.

En það er orðið býsna langt síðan hún hefur flutt okkur sambærilegar fréttir af rússneskum voðamennum. En þær hljóta að koma. Ólöf er býsna glúrin við að þefa uppi fréttaskeyti um efnið frá „Trusted News Initiative,“ hinn sannsögulu og traustvekjandi fréttaveitu nokkurra ríkis- og einkamiðla.

Það er líklega skýringin á því, að Ólöf hefur ekki séð ástæðu til að fjalla um baráttu samtaka í Ástralíu, sem kalla sig „Ástralíumenn í þágu vísinda og frelsis“ (Australian for Science and Freedom) og „Mæður sona“ (Mothers of Sons), sem berjast fyrir því, að karlmenn, sem verða fyrir margvíslegum ásökunum af kvenna hálfu, fái að njóta sakleysis, uns sekt er sönnuð, og réttláttra réttarhalda. Það eru í Nýju Suður-Wales hvorki meira né minna en fjögur hundruð kynofbeldismál, þar sem rökstuddur grunur leikur á dómsfúski eins og í tilviki Harvey Weinstein.

Það hefur nefnilega verið ein af mikilvægustu mælistikunum á baráttu kvenna fyrir frelsi sínu að geta sakfellt karlmenn með eigin vitnisburði. Hið þekkta viðkvæði er: Konum skal alltaf trúá. Önnur mælistika á jafnrétti kynjanna er því, hversu mörgum körlum dómskerfið kemur á bak við lás og slá. (Sjá einnig fróðlegan Fésbókarpistil þann 1. maí frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni um efnið.)

Þriðja mælistikan á kvenfrelsun og jafnrétti kynjanna er réttur kvenna til að ala upp syni sína samkvæmt kvenfrelsunarbíblíunni. Einn þáttur þess er að flæma feður af heimilum sínum, svo þeir þvælist ekki fyrir í uppeldinu, nema þeir séu kvenfrelsunarfeður náttúrulega. Hinn góðkenni, fyrrum kvenfrelsari, Janice Fiamengo, hefur skrifað um þetta athyglisverða grein með fjölda tilgreindra heimilda.

Eins og allir vita þrengja drengir að lífsrými stúlkna. Janice segir; „drengjum er kennt að biðjast afsökunar [á tilvist sinni]. Það kemur illa við stúlkur hversu „plássfrekir“ þeir séu [og það sé] vandamál. Það ætti að auka næmi þeirra fyrir vansæld stúlkna og viðkvæmni, og þeir verða að temja sér að hafa þarfir stúlkna í fyrirrúmi.“

Í Ástralíu var skólastrákum t.d. skipað að standa á fætur og biðja kvennemendur afsökunar á sjálfum sér og þeirri kúgun, sem þeir beittu stúlkurnar.

Einn kvenkennaranna orðaði þetta svo: „Þegar ég var í kennaraskólanum (college) leit ég á það sem köllun lífs míns að kenna stúlkum kvenfrelsun. En mér varð ljóst, að það væri enn þá mikilvægari köllun að kenna strákum kvenfrelsun.“

Önnur lýsir þriggja ára syni sínum á þessa lund: Í almenningsgörðum „flögrar“ hann um á álfavængjum í skyrtu systurinnar. Honum er umhugað um að nota ennisband með rauðri og hvítri slaufu, þegar hann situr fyrir við myndatöku í leikskólanum. Mikilvægi áhugamála er í þessari röð: dúkkur, dans, leikfangabílar, naglalökkun og draugasögur. Sonur minn er skapgóður og fjörugur, en eins og stendur laus við truflandi kynímyndir.

Jody Allard skammast yfir því, að unglingssynir hennar harðneiti að taka ábyrgð á nauðgunarmenningunni. Hún segir: „allir, sem standa ekki með okkur, eru okkur andsnúnir. Sérstaklega og einkanlega karlmenn. Jafnvel mínir eigin synir – jafnvel þínir.“

Það er svo sem ekki kyn, að annar sonanna sé haldinn sjálfsmorðspunglyndi. En það hefur ekkert með hana að gera eins og gefur að skilja: „Þunglyndi sonarins er ekki mitt. Ég lagði ekki drög að því og er ekki ábyrg fyrir því.“

Lane nokkur Brown hryllir við kynlífsáhuga (catcalling) karla á konum og einsetti sér að taka strákkvölinu sína, tæpra tveggja vetra, í sérstaka siðun í þessu efni, þannig að honum dytti ekki í hug, „að stúlkur væru til þess að horfa á eða barasta að leika eiginkonur í leikskólanum.“ Grundvallarásetningur mömmu er sá, að hann muni aldrei stynja upp orðum, sem væru til þess fallin að valda skömm ellegar kinnroða.

Eins og gefur að skilja þurfa mæður á uppörvun og stuðningi að halda við að temja eitruðu karlóhemjuna í sonunum. Það er raunar orðið sérstakt umfjöllunarefni í dálkum kvennablaða. Louise Leontiades miðlar reynslu sinni:

„Sé vargahegðun (predatory behavior) karla eins allsráðandi og virðist vera og ég hef reynt, eru tölfræðilegar líkur til þess, að sonur minni muni misbjóða (violate) einhverjum, einhvern tímann í lífinu.“

Hin ástralska, Polly Dunnig, lenti í tilvistarlegri og hugmyndafræðilegri kreppu. Hún varð fyrir þeirri ógæfu, kvenfrelsari aftur um þrjá ættliði, að verða ólétt af sveinfóstri. Hún sagði í því sambandi: „Kvíðinn vegna hins ógnvænlega verkefnis [að ala upp dreng], kvaldi mig vikum saman ...“

Það slaknaði þó á kvíðanum, þegar hún fann köllunina í uppeldinu; að kenna syninum og móta hann þannig, að stráksi yrði lifandi afsönnun forréttinda karla. „Ég ætla mér að ala upp kvenfrelsunarstrák,“ sagði hún.

Og svo sá mamma Polly ljósið: „Ást okkar á konum er svo sterk, að dætur vildum við eignast. Því munum við ala syni okkar upp í ást og virðingu fyrir konum. Þannig stuðlum við að kvenfrelsun með því að eignast syni.“

Kvenfrelsunarfeður eru líka liðtækir eins og Justin Coulson, sem skrifað hefur grein um að kenna strákum að virða konur og Justin Wayne Parker, sem kennir okkur, hvernig megi kenna sonum okkar að virða konur. Báðir ganga út frá því staðlaða viðhorfi, að eingöngu drengjum komi til hugar að misbeita eða misnota annað fólk.

Janice bendir á, að nær ógerlegt sé að finna kynjávæð dæmi um uppeldi drengja:

„Andkarlegt uppeldi þykir þeim skiljanlegt, sem aðhyllast trúarsetningar kvenfrelsaranna. Kvenfrelsunarforeldrar lifa í þeirri trú, að þeir geri samfélaginu greiða með því að losa syni sína úr viðjum sjálfsupphafinnar og eitraðrar karlmennsku. Þeim virðist ekki koma til hugar, að hér sé um að ræða, hvorki meira né minna, en tilfinningalega og sálarlega misnotkun.“

p.s. Síðustu fréttir af íslenska kynofbeldisvígvellinum, samkvæmt RUV, eru þær, að enn á ný sé boltamaður ákærður fyrir kynofbeldi, sá hinn sami og greiddi þriggja milljóna syndaaflausn til Stígamóta og annað eins í miskabætur til tveggja kvenna, sem hann reyndi að hrista af sér.

Það má einu gilda, hvort hann þiggur boð um kynlíf eða ekki. Hann er sekur, hvort sem er. Í fyrra tilvikinu fyrir kynbundið ofbeldi, í seinna tilvikinu fyrir að misnota yfirburðastöðu sína. Mamman fer fram á þrjár milljónir í miskabætur.

[A feminist's guide to raising boys | Family | The Guardian](#)

[How to raise feminist boys – she will survive \(wordpress.com\)](#)

[Young Men Need to Learn About Street Harassment, Too - Bloomberg](#)

[Having a son went from a dilemma to being the most valuable lesson of my life \(smh.com.au\)](#)

[10 Ideas for Raising a Feminist Son - Thrive Global](#)

[How I'm Raising My Sons as Feminists \(mother.ly\)](#)

[How to Raise a Feminist Son - The New York Times \(nytimes.com\)](#)

[How to raise a feminist - Today's Parent \(todaysparent.com\)](#)

[My teen boys are blind to rape culture - The Washington Post](#)

[Joe Biden Interview on Rape Culture and Campus Sexual Assault | Teen Vogue](#)

[Teaching Boys Feminism « Feminist Teacher](#)

https://bettinaarndt.substack.com/p/news-about-restoring-the-presumption?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=144016076&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/when-feminism-is-child-abuse?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=144213995&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email